

Fyrirspurn E 24/2024
Fyrirspyrjandi: Norræna sjálfbærnefndin
Viðtakendur: Ríkisstjórnir Norðurlanda

E 24/2024 Skrifleg fyrirspurn vegna samþykktar Kunming-Montreal-samningsins um lífbreytileika í desember 2022

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Í ákvörðun 15/6 með Kunming-Montreal-samningnum um lífbreytileika, sem samþykktur var í desember 2022, er því beint til samningsríkjanna „að endurskoða og uppfæra stefnu sína og aðgerðaáætlanir á sviði lífbreytileika í samræmi við ákvæði 6. gr. samningsins og taka í því efni mið af leiðbeiningum sem fram koma í I. viðauka.“ Hverju ríki ber að laga stefnu sína í þessum málaflokki að ákvæðum Kunming-Montreal-samningsins og markmiðum hans, m.a. annars að því er varðar fjárveitingar og úrræði til að tryggja framkvæmd samningsins. Ríkin eiga að afhenda skráningarmiðstöð samningsins uppfærða stefnu sína fyrir sextánda ráðstefnu samningsríkjanna.

Til þess að fylgja ofangreindri ákvörðun eftir beinir norræna sjálfbærnefndin eftirfarandi spurningum til ríkisstjórna Norðurlanda:

1. Getur ríkisstjórnin gert grein fyrir því hvernig aðgerðaáætlun landsins um lífbreytileika (NBSAP) hefur verið uppfærð og endurnýjuð með vísan til Kunming-Montreal-samningsins um lífbreytileika og ákvörðunar 15/6, þar á meðal hvaða breytingar hafa verið gerðar á áætluninni til samræmis við ný markmið samningsins um lífbreytileika, og hvort uppfærð áætlun var send skráningarmiðstöðinni (*clearing-house mechanism*) fyrir 16. ráðstefnu samningsríkjanna?
2. Getur ríkisstjórnin látið norrænu sjálfbærnefndinni í té, í upplýsingaskyni, endurskoðaða aðgerðaáætlun sína um lífbreytileika?
3. Getur ríkisstjórnin gert grein fyrir því hvernig samráði við frjáls félagasamtök og frumbyggja var háttað þegar unnið var að endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar?



Norðurlöndum, 14. október 2024 kl. 00:00

Angelika Bengtsson

Anna Falkenberg

Ása Karlsson

Emma Beringer

Himanshu Gulati

Johan Andersson

Karin Gaardsted

Lene Westgaard-Halle

Malte Larsen

Mariane Paviasen

Martin Paasi

Ola Elvestuen

Sascha Faxø

Staffan Eklöf

Teitur Björn Einarsson

Tove Elise Madland